



Fundargerð

Stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar
Þriðjudaginn 9. júlí 2013 kl. 14.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Gústaf Jökull Ólafsson formaður, Sveinn Ragnarsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.
Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.
Hjúkrunarforstjóri boðaði forföll.

Fundargerð rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Gústaf Jökull bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin önnur mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1307004 – Ársreikningur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar 2012.

*Fyrir stjórninni lá ársreikningur Barmahlíðar árið 2012, sem er B-hluta stofnun.
Rekstrartekjur Barmahlíðar á árinu námu 120 millj. kr. en tap ársins nam 109 þús. kr.
Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Barmahlíðar í árslok 81,6 millj. kr. og
heildarskuldir voru 77,4 millj. kr. Eigið fé í lok ársins var 4,2 millj. kr.
Stjórn Barmahlíðar samþykkir ársreikninginn samhljóða með áritun sinni.*

2. 1307005 – Umsókn um launað starfsleyfi.

Erindi frá Svanhildi Sigurðardóttur dags. 13. júní 2013.

*Stjórnin samþykkir launað leyfi til 5 mánaða (september 2013 til janúar 2014) og er
það bundið skilyrði um áframhaldandi starf hjá sveitarfélaginu að námi loknu, sem
miðast við 100% starf í eitt ár. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við
viðkomandi. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál (löglega upp borin:

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 15.29.
